

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 11. mars 2021: Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um snjalllausnir:

Fulltrúi Flokks fólksins spyr um snjalllausnir og hvað langan tíma tekur að gera þær áþreifanlegar. Á heimasíðu Atvinnuleysistryggingasjóðs er að finna Snjallmennið Vinný sem svarar fyrirspurnum fljótt og vel. Fulltrúi Flokks fólksins hefur verið að leita að sambærilegri snjalllausn á vef Reykjavíkurborgar en finnur ekkert slíkt þrátt fyrir að keypt hefur verið ráðgjöf frá ýmsum fyrirtækjum eins og frá Capacent og Gartner Group. Spurt er: Hversu mörg ár í viðbót þarf þjónustu- og nýsköpunarsvið á ráðgjafþjónustu og hugmyndavinnu að halda áður en sambærileg snjalllausn verður komin í notkun á vef borgarinnar sem væri þá afurð í líkingu við snjallmennið Vinný? R21030126